

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 29. október 2025

Mál nr. E-376/2024:

Haraldur Már Pétursson

(Unnur Ásta Bergsteinsdóttir lögmaður)

gegn

K6 veitingum ehf.

(Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 23. september sl., var höfðað 2. september 2024. Stefnandi er Haraldur Már Pétursson, [...], [...]en stefndi er K6 veitingar ehf., [...], [...].
- Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum 704.618 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 2.851 krónu frá 1. október 2022 til 1. nóvember sama ár, af 11.491 krónu frá þeim degi til 1. desember sama ár, af 88.505 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2023, af 165.519 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, af 242.533 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár, af 319.547 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, af 396.561 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, af 473.575 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 550.589 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 627.603 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár en ef 704.618 krónum frá þeim degi til greiðsludags.
Þá krefst stefnandi málskostnaðar, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda auk málskostnaðar.

Helstu málsatvik

- Stefnandi, sem er matreiðslumeistari, hóf störf í september 2022 sem yfirmaður eldhúsa hjá stefnda, sem rekur veitingastaði og veisluþjónustu á Akureyri. Aðilar gerðu ekki með sér skriflegan ráðningarsamning.
- Stefnandi lét af störfum fyrir stefnda í byrjun júní 2023 en fékk greidd laun án vinnuframlags út júlí sama ár. Samkvæmt launaseðlum fékk stefnandi greidd föst laun að fjárhæð 900.000 krónur á mánuði allan starfstímann. Á tímabilinu 1. september 2022 til 30. apríl 2023 námu orlofsgreiðslur til stefnanda 11,59% af launum en 12,55% frá þeim tíma til 31. júlí 2023.
- Stefndi kveður aðila, til viðbótar við föst laun, hafa samið um að stefnandi fengi 60.000 krónur á mánuði í úttekt hjá veitingastöðum stefnda. Af hálfu stefnanda hefur komið fram að aðilar hafi í upphafi rætt um að hann gæti farið út að borða einu sinni til tvisvar

í mánuði á hverjum veitingastað stefnda og litið eftir gæðum og þjónustu. Hann hafi litið á framangreint sem hluta af starfi sínu fyrir stefnda.

- 7 Eftir starfslok leitaði stefnandi til Matvæla- og veitingafélags Íslands (Matvís). Félagið sendi stefnda innheimtubríf 31. ágúst 2023 þar sem þess var krafist að stefndi greiddi stefnanda ógreidda launahækkun á tímabilinu 1. nóvember 2022 til 31. júlí 2023 og ógreitt orlof, samtals 704.618 krónur. Lögmaður stefnanda ítrekaði kröfuna með kröfubréfi til stefnda 13. nóvember sama ár. Með bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda 29. janúar 2024 var kröfunni hafnað.
- 8 Með bréfi lögmanns stefnanda 8. mars 2024 til lögmanns stefnda var krafa um greiðslu vangoldinna launa ítrekuð. Ekki náðist sátt milli aðila og var mál þetta sem fyrr segir höfðað 2. september 2024.
- 9 Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi skýrslu og fyrirsvarsmáður stefnda, Einar Geirsson. Einnig komu fyrir dóminn Þuríður Margrét Thorlacius, sem gegnir starfi veislustjóri hjá stefnda, og Heiðdís Fjóla Pétursdóttir, eiginkona fyrirsvarsmanns stefnda og einn eigenda félagsins.

Málsástæður stefnanda

- 10 Stefnandi byggir á því að hann hafi ekki fengið greidd laun í samræmi við gildandi kjarasamning og ráðningarsamband aðila á starfstíma sínum hjá stefnda. Auk þess hafi orlof ekki verið gert upp með réttum hætti og í samræmi við kjarasamning.
- 11 Stefnandi kveður kröfuna eiga stoð í meginreglum vinnuréttar um greiðslu launa og skyldur atvinnurekenda til að virða lágmarksréttindi samkvæmt kjarasamningi. Þá eigi krafan stoð í meginreglum samninga- og vinnuréttar um skyldu til að efna gerða ráðningarsamninga og greiða laun í samræmi við ráðningarsamband aðila.
- 12 Stefnandi kveður greiðslu launa vera meginskyldu atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsambandi. Öll ákvæði í ráðningarsamningi sem kveði á um lægri starfstengdar greiðslur en kjarasamningar mæli fyrir um séu ógild. Laun og starfstengdar greiðslur stefnanda hafi ekki verið greiddar samkvæmt samningi aðila á gjalddaga og hafi stefndi því vanefnt ráðningarsamninginn. Atvinnurekanda beri því skylda til að greiða laun í samræmi við ráðningar samband aðila og samkvæmt þeim lágmarkskjörum sem kjarasamningur kveði á um. Til viðbótar við rétt laun og laun á uppsagnarfresti sé því gerð krafa um greiðslur sem fylgja skuli launum samkvæmt kjarasamningi og koma skuli til greiðslu við starfslok, þ.e. orlof.
- 13 Stefnandi sé í stéttarfélaginu Matvís og fari því um starfskjör hans eftir ákvæðum kjarasamnings Matvís við Samtök atvinnulífsins, frá 12. desember 2022. Ekki sé hægt að miða við lægri kjör en sá kjarasamningur kveði á um, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 14 Stefnandi kveður kröfuna samanstanda af vangreiddum launum á tímabilinu frá nóvember 2022 til og með júlí 2023. Samkvæmt 2. gr. kjarasamnings Matvís og Samtaka

atvinnulífsins hafi átt að koma til kjarasamningsbundnar launahækkunar 1. nóvember 2022, sem skyldi nema 6,75% þó að hámarki 66.000 krónur.

15 Stefnandi geri auk þess kröfu um uppgjör orlofsréttinda sem hann hafi áunnið sér, með vísan til 8. gr. orlofslaga nr. 30/1987 og greinar 4.1 í kjarasamningi. Stefnandi hafi fengið greitt orlof sem nam 11,59% af launakjörum en hafi átt að nema 12,55% samkvæmt 4. kafla kjarasamningsins, vegna starfsreynslu hans. Hann geri því jafnframt kröfu um leiðréttingu á orlofi frá 1. september 2022 til og með lokum júlímánaðar 2023, samtals að fjárhæð 68.669 krónur.

16 Stefnandi kveður heildarstefnufjárhæð nema 704.618 krónum og sundurliðast sem hér segir:

Tegund greiðslu:	Tímabil:	Heildarfjárhæð:
Vangreidd laun	nóvember 2022	kr. 60.750
Vangreidd laun	desember 2022	kr. 60.750
Vangreidd laun	janúar 2023	kr. 60.750
Vangreidd laun	febrúar 2023	kr. 60.750
Vangreidd laun	mars 2023	kr. 60.750
Vangreidd laun	apríl 2023	kr. 60.750
Vangreidd laun	maí 2023	kr. 60.750
Vangreidd laun	júní 2023	kr. 60.750
Vangreidd laun	júlí 2023	kr. 60.750
Vangreitt orlof	september 2022	kr. 2.851
Vangreitt orlof	október 2022	kr. 8.640
Vangreitt orlof	nóvember 2022	kr. 16.264
Vangreitt orlof	desember 2022	kr. 16.264
Vangreitt orlof	janúar 2023	kr. 16.264
Vangreitt orlof	febrúar 2023	kr. 16.264
Vangreitt orlof	mars 2023	kr. 16.264
Vangreitt orlof	apríl 2023	kr. 16.264
Vangreitt orlof	maí 2023	kr. 16.264
Vangreitt orlof	júní 2023	kr. 16.264
Vangreitt orlof	júlí 2023	kr. 16.264
Samtals:		kr. 704.618

- 17 Gjaldddagi launa sé um mánaðarmót og atvinnurekanda beri að greiða rétta fjárhæð á gjaldddaga. Ef það skorti upp á réttar greiðslur gildi sú regla samkvæmt almennum reglum fjármunaréttar að launamaður eigi rétt á leiðréttingu launa auk greiðslu dráttarvaxta frá gjaldddaga hvernar greiðslu til greiðsludags. Því sé krafist greiðslu launa og annarra greiðslna frá gjaldddaga hvernar greiðslu. Kröfur vegna september 2022 hafi verið á gjaldddaga 1. október 2023 og beri dráttarvexti frá og með þeim degi, kröfur vegna október 2023 hafi verið á gjaldddaga 1. nóvember sama ár, o.s.frv.
- 18 Miðað sé við að gjaldddagi orlofs sé við hver mánaðarmót enda hafi orlof í ráðningar-sambandinu verið gert upp um hver mánaðarmót. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu miðist upphaf dráttarvaxta af ógreiddu orlofi og vangreiddum launum því við hver mánaðarmót. Því sé krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 1. október 2022 af vangreiddum launum og orlofi vegna september, frá 1. nóvember 2023 af vangreiddum launum og orlofi vegna október o.s.frv. Innan kröfu stefnanda rúmist allar vaxtakröfur sem gangi skemur.
- 19 Krafa stefnanda um málskostnað úr hendi stefnda er byggð á 129. gr., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þess er óskað að tekið verði tilliti til þess við málskostnaðarákvörðun að stefnanda beri að greiða virðisaukaskatt af þóknun lögmans.

Málsástæður stefnda

- 20 Stefndi byggir á því að hann hafi greitt stefnanda laun í samræmi við kjarasamning og raunar greitt honum umtalsvert hærri laun en þar sé kveðið á um. Stefndi vísar til þess að umsamin laun stefnanda hafi verið 900.000 krónur auk orlofs og 60.000 króna vöruúttekt hjá veitingastöðum stefnanda. Heildarlaun stefnanda hafi því numið 960.000 krónum á mánuði.
- 21 Stefndi vísar til þess að samkvæmt kauptaxta kjarasamnings, hafi grunnlaun iðnaðarmanns með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi verið 557.183 krónur. Ef miðað væri við hæsta mögulega taxta iðnaðarmanns með sveinspróf og meistararéttindi, væru launin 758.808 krónur. Með 6,75% launahækkun frá 1. nóvember 2022 færu grunnlaunin í 594.792 krónur og hæsti mögulegi taxtinn í 810.027 krónur.
- 22 Hvernig sem á það sé litið og hvernig sem kjör stefnanda séu reiknuð, sé því byggt á því að stefndi hafi fengið greidd laun langt umfram lágmarkskjör. Það sé því rangt og því hafnað að stefndi hafi á einhvern hátt brotið gegn 1. gr. laga nr. 55/1980 eða kjarasamningi.
- 23 Hið sama gildi um kröfu stefnanda er snúi að orlofsgreiðslum. Það að orlofsprósentan kunni að hafa verið lægri en kjarasamningur kveði á um breyti þannig engu. Miða verði við að heildarkjör stefnanda hafi verið umfram kjarasamning. Samkvæmt skýrum dómafordæmum sé litið á heildarkjör þegar metið sé hvort brotið hafi verið gegn 1. gr. laga nr. 55/1980 og í því tilliti horft til allra þeirra greiðslna sem viðkomandi hafi notið.
- 24 Stefndi tiltekur að á tímabilinu 30. september 2022 til og með 3. júní 2023 hafi stefndi tekið út vörur að andvirði 466.247 krónur á veitingastöðum stefnda eða 58.281 krónur á

hverjum mánuði að meðaltali. Úttektir þessar hafi ekki verið dregnar af launum stefnanda, svo því hafi verið um viðbótarlaunakjör að ræða.

- 25 Stefnandi kveður auk þess sjónarmið um tómlæti hljóta að koma til skoðunar. Stefnandi hafi fengið launaseðla um hver mánaðarmót og því haft öll tækifæri til þess að gera athugasemdir við kjör sín strax. Það hafi hann hins vegar ekki gert og verði sjálfur að bera hallan af tómlæti sínu.
- 26 Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfu- og samningaréttar, einkum er varða skuldbindingargildi samninga og sönnunarkröfur ef varða efni munnlegra samninga, sbr. meðal annars lög nr. 7/1936. Þá vísar stefndi til viðeigandi ákvæða kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og Matvís og launataflna. Loks vísar stefndi til 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
- 27 Um kröfu um málskostnað vísar stefndi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

- 28 Stefnandi gerir í máli þessu kröfu um greiðslu á kjarasamningsbundinni launahækkun samkvæmt 2. gr. kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og Matvæla- og veitingafélags Íslands (Matvís) frá 12. desember 2022, auk greiðslu á ógreiddu orlofsfé.
- 29 Stefnandi byggir sýknukröfu sína í báðum tilvikum á því að heildarlaun stefnanda hafi allan starfstíma stefnanda verið umfram lágmarkstaxta samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Matvís. Stefnandi vísar til þess að heildarlaun stefnanda hafi numið 960.000 krónum á mánuði, að meðtalinni 60.000 króna vöruúttekt hjá veitingastöðum stefnda. Samkvæmt kauptaxta kjarasamnings hafi grunnlaun iðnaðarmanns með 5 ára sveinspróf og meistararéttindi verið 557.183 krónur og hæsti mögulegi taxti iðnaðarmanns með sveinspróf og meistararéttindi 758.808 krónur. Með 6,75% launahækkun frá 1. nóvember 2022 hafi grunnlaun orðið 594.792 krónur og hæsti mögulegi taxti 810.027 krónur. Þar sem stefnandi hafi fengið greidd laun langt umfram lágmarkskjör beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu. Einnig byggir stefndi á því að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti með því að gera ekki strax athugasemdir við launakjör.

Krafa um kjarasamningsbundnar launahækkanir

- 30 Ágreiningslaust er að þegar stefnandi hóf störf hjá stefnda í september 2022 sömdu aðilar munnlega um föst laun að fjárhæð 900.000 krónur á mánuði.
- 31 Þann 12. desember 2022 var undirritaður nýr kjarasamningur milli Samtaka atvinnulífsins og Matvís um breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning á milli sömu aðila og þá sérkjarasamninga sem teldust hluti hans. Í samningnum kemur fram að um sé að ræða framlengingu á kjarasamningi sem gilt hafi frá 2019-2022. Í 2. grein samningsins er meðal annars mælt fyrir um að 1. nóvember 2022 tækju mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki 66.000 krónur.
- 32 Stefnandi mótmælir því að stefnandi hafi átt rétt á fyrrgreindri launahækkun. Við skýrslugjöf fyrir dómi kvað Einar Geirsson, fyrirsvarsmaður stefnda, aðila ekki hafa

samið um 900.000 króna mánaðarlaun með hækkun sem tæki gildi einum mánuði síðar og hafi stefnanda vitað það.

- 33 Líkt og fyrr greinir gerðu stefnandi og stefndi ekki með sér skriflegan ráðningarsamning. Ákvæði í 2. grein þess kjarasamnings sem Samtök atvinnulífsins og Matvís gerðu 12. desember 2022, um almenna hækkun launa um 6,75%, þó að hámarki 66.000 krónur, kveður á um lágmarkshækkun launa sem starfsmaður nýtur á þeim degi þegar hækkun samkvæmt kjarasamningi á að koma til framkvæmda. Fela slík ákvæði í kjarasamningi í sér rétt starfsmanns til lágmarks launahækkunar óháð því hvort laun viðkomandi starfsmanns séu umfram lágmarkstaxta. Er aðilar stofnuðu til ráðningarsambands í september 2022 mátti þeim vera ljóst að gildandi kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Matvís væri senn að renna sitt skeið. Verður stefndi að bera hallan af því að ósannað telst að aðilar hafi í september 2022 samið um að við ákvörðun launakjara væri tekið tillit til launahækkana í komandi kjarasamningi og þær verið innifaldar í umsömdum launum.
- 34 Samkvæmt framangreindu verður stefnandi talinn hafa átt að njóta þeirrar almennu launhækkunar sem kveðið var á um í kjarasamningi Samtök atvinnulífsins og Matvís, frá 1. nóvember 2022, óháð því að heildarlaun hans hafi verið umfram lágmarkstaxta samkvæmt kjarasamningi. Í kjölfar starfsloka sumarið 2023 leitaði stefnandi strax til stéttarfélags síns og setti fram kröfur sínar. Verður ekki fallist á með stefnda að kröfur stefnanda séu niður fallnar fyrir tómlæti.
- 35 Kröfu stefnanda um greiðslu á kjarasamningsbundinni hækkun launa hefur ekki verið andmælt tölulega og verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá kröfu eins og hún er fram sett.

Krafa um vangoldið orlof

- 36 Krafa stefnanda um vangoldið orlof er annars vegar leidd af framangreindri kröfu hans um greiðslu á kjarasamningsbundnum hækkunum launa auk þess sem hún byggir á því að á starfstíma stefnanda hafi hann fengið greitt orlof sem nam 11,59% af launakjörum en hafi átt að nema 12,55% samkvæmt grein 4.1.1 í kjarasamningi. Stefnandi geri því kröfu um leiðréttingu á orlofi frá 1. september 2022 til og með lokum júlímánaðar 2023, samtals að fjárhæð 68.669 krónur.
- 37 Stefnandi gerir ekki tölulegar athugasemdir við kröfuna en byggir á því að þar sem heildarlaun stefnanda hafi verið umfram lágmarkskjör beri að sýkna hann af kröfu stefnanda um vangreitt orlof.
- 38 Ágreiningslaust er að stefnanda hafi borið orlofslaun er námu 12,55% af launum, sbr. grein 4.1.1. í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Matvís. Samkvæmt því ákvæði og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof reiknast orlofslaun af heildarlaunum starfsmanns. Réttur launþega til orlofslauna, sem hlutfall af heildarlaunum, gildir óháð því hvort laun séu greidd samkvæmt lágmarkstöxtum í kjarasamningi eða viðkomandi starfsmaður njóti hærri launa. Að þessu virtu verður ekki fallist á með stefnda að stefnandi eigi ekki rétt til orlofslauna í samræmi við kjarasamning þar sem heildarlaun hans hafi verið umfram

lágmarkskjör. Þá verður ekki fallist á með stefnda að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir tómlæti.

- 39 Samkvæmt launaseðlum sem liggja frammi í málinu voru stefnanda greidd orlofslaun mánaðarlega til viðbótar við reglulegar launagreiðslur. Líkt og rakið er í kafla um málsatvik var orlofslaunahlutfall stefnanda 11,59% fram til 30. apríl 2023 en 12,55% frá 1. maí til 31. júlí 2023. Af hálfu stefnda voru hvorki í greinargerð eða við munnlegan flutning gerðar athugasemdir við útreikning orlofs og verður því krafa stefnanda tekin til greina eins og hún er fram sett.
- 40 Samkvæmt öllu framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda samtals 704.618 krónur með dráttarvöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.
- 41 Að virtri niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 700.000 krónur.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, K6 veitingar ehf., greiði stefnanda, Haraldi Má Péturssyni, 704.618 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 2.851 krónu frá 1. október 2022 til 1. nóvember sama ár, af 11.491 krónu frá þeim degi til 1. desember sama ár, af 88.505 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2023, af 165.519 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, af 242.533 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár, af 319.547 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, af 396.561 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, af 473.575 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 550.589 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 627.603 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár en af 704.618 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 700.000 krónur í málskostnað.